

MATARHLÉ



Að þessu sinni deilir Konráð Logi Fossdal girnilegri mataruppskrift með lesendum Krónikunnar en Konráð er starfsmaður á sambýlinu í Snægili 1. Það var Elfa Björk Gylfadóttir sem skoraði á hann og sjálfur ætlar Konráð Logi að skora á Berglindi Hlín Baldursdóttur, kennara í Oddeyrarskóla, að vera matgæðingur næsta tölublaðs.

FYLLTAR SVÍNALUNDIR MEÐ KARTÖFLUKOMBÓI

Hráefni:

Svínalundur
Mexikóostur
(má vera hvaða ostur sem er)
Kartöflur
Sætar kartöflur
Píparostur
Salt
Pípar

Aðferð:

Takið svínalundimar og skerið í tvennt eða þrennt, fer eftir stærð. Takið oddhvassann hnif og stingið langsum inn í lundina en ekki í gegn. Skerið Mexikóostinn og setjið inni lundina, eins mikið og þið viljið. Grillið á grilli eða í ofni við 200°C þar til kjötið er eldað í gegn.

Takið kartöflurnar og skerið í litla bita, helst ekki stærri en 1 sm á kant. Ég nota kartöflurnar og þær sætu til helminga, c.a. 500 gr. af hvorum fyrir 4 manns. Steikið kartöflubitana, rétt til að brúna þá. Saltið og piprið eftir smekk. Skerið píparostinn í bita og setjið í eldfast mót ásamt kartöflunum og blandið vel. Gott er að setja steikt beikon úti líka fyrir þá sem það vilja en ég geri það aldrei. Setjið inn í 200°C heitan ofni í um 20 mínútur.

BOTNAHORNID

Fyrripartur síðasta tölublaðs var svohljóðandi:

Það er hollt að borða ber ef bláhvítur þú ert sem næpa.

Margir góðir botnar bærust en ekki virtust þó allir átta sig á þeirri tvíræðni sem í fyrripartinum var fólgin. Það gerði þó meðal annarra Gunnar Frímansson, verkefnastjóri í Ráðhúsinu, og þótti botninn sem hann sendi inn einna bestur:

Því nekt er holl í sjálfri sér sértu að kljást við heilsu tæpa.

Gunnar vildi koma því á framfæri að fyrriparturinn væri brot á jafnréttisstefnu Akureyrarbæjar þar sem þar væri ekki talað jafnt til beggja kynja en við látum það liggja á milli hluta.

Fyrri partur þessa tölublaðs hljómar svo:

Læðist haust um lygnan fjörð, lýsir hrím á tindum.

Sendið okkur botna á netfangið kronikan@akureyri.is merkt „Botnahornið“.

GOTT AÐ VITA

Viðbrögð við einelti og kynferðislegri áreitni á vinnustöðum Akureyrarbæjar.

Allt starfsfólk Akureyrarbæjar á rétt á því að komið sé fram við það af virðingu og að það hafi tækifæri til að vinna störf sín án þess að eiga á hættu einelti og kynferðislega áreitni.

Akureyrarbær ber sem atvinnurekandi ábyrgð á því að koma í veg fyrir að starfsfólk og skjólstaðingar verði fyrir kynferðislegri áreitni eða öðru einelti.

Í starfsmannakönnun sem gerð var sl. vetur kom í ljós að um 7% þeirra starfsmanna sem svöruðu könnuninni höfðu orðið fyrir einelti einu sinni eða oftar á núverandi vinnustað. Um 3% svarenda höfðu orðið fyrir kynferðislegri áreitni einu sinni eða oftar á vinnustaðnum.

Gefnar hafa verið út leiðbeiningar sem gagnast ættu þolanda eineltis/kynferðislegrar áreitni og yfirmanni sem fær slík mál til úrlausnar. Einnig hefur verið gefið út veggspjald með upplýsingum um hvert hægt sé að leita komi upp kynferðisleg áreitni eða einelti á vinnustað.

Leiðbeiningarnar er hægt að nálgast á starfsmannahandbók á vef Akureyrarbæjar og veggspjaldið hjá jafnréttisráðgjafa eða starfsmannaþjónustu.

Stjórnendum hjá Akureyrarbæ býðst námskeið um starfsmannasamtöl í kjölfar starfsmannakönnunar.

Samkvæmt mannaútsstefnu Akureyrarbæjar eiga starfsmannasamtöl að fara fram á öllum vinnustöðum árlega. Stjórnendum hjá Akureyrarbæ hefur undanfarið gefist kostur á námskeiðum um starfsmannasamtöl.

Starfsmannakönnun um líðan, heilsu og starfstengd viðhorf sem gerð var síðastliðinn vetur sýndi að stjórnendum hjá Akureyrarbæ standa sig ekki eins vel og samamburðarsveitarfélög í að bjóða starfsmannasamtöl.

Með námskeiðunum gefst stjórnendum tækifæri til að bæta kunnáttu sína og fá góðan undirbúning og þjálfun fyrir starfsmannasamtölin. Markmiðið er að allir stjórnendur verði færir um að sinna þessu verkefni og framfylgja mannaútsstefnu Akureyrarbæjar.

Dagana 15. og 16. nóvember nk. verður boðin fræðsla fyrir nýtt starfsfólk hjá Akureyrarbæ.

Nýliðafræðslan á að standa öllum nýjum starfsmönnum bæjarins til boða innan árs frá því að þeir hefja störf. Fastráðið starfsfólk sem unnið hefur skemur en eitt ár hjá Akureyrarbæ getur skráð sig á nýliðafræðsluna á starfsmannavef Akureyrarbæjar. Mikilvægt er þó að gera slíkt í samráði við yfirmann.



Útgefandi: Akureyrarbær

Ritstjóri: Ragnar Hólm Ragnarsson

Ritnefnd: Dórothea Jónsdóttir, Friðný Sigurðardóttir, Ingunn Helga Bjarnadóttir,

Ragnar Hólm Ragnarsson og Samúel Jóhannsson.

Netfang: kronikan@akureyri.is

Hönnun og umbrot: Still - Prentun: Ásprent

Innanbæjar KRÓNÍKA

5. tbl. 5. árg. STARFSMANNAFRÉTTIR AKUREYRARBÆJAR nóvember 2010



NÝJUNGAR Í HLÍÐARFJALLI

Meðal nýjunga í Hlíðarfjalli þennan vetur er að reist hefur verið sérstakt nestishús sem tekur 50-60 manns í sæti og einnig verður tekin í notkun ný byrjendalyfta við Hólábrennkubrautina. Það verður til þess að létta á biðröðum sem oft og tíðum hafa myndast við Hólabrautarlyftuna. Þá hefur skíðaleigan einnig verið stækkuð til að anna síaukinni eftirspurn eftir leigubúnaði.

Nú er hægt að kaupa vetrarkort á skíðasvæðið í Hlíðarfjalli á sérstökum afsláttarkjörum í miðasölu Menningarhússins Hofs. Tilboðið gildir þangað til skíðasvæðið verður opnað og kostar vetrarkort fyrir fullorðna 22.000 kr en 8.000 kr. fyrir börn. Fullt verð er 28.000 fyrir fullorðna en 9.000 fyrir börn. Þegar skíðasvæðið verður opnað getur starfsfólk bæjarsins eftir sem áður keypt vetrarkort á tilboðinu „fjórir saman“ og verður þá að framvísa efsta hluta launaseðils.

Snjóframleiðsla hófst í Hlíðarfjalli 20. október sl. og hefur verið fram haldið alla síðustu daga. Vonir standa til að hægt verði að opna skíðasvæðið um miðjan nóvember ef þökkalegur kuldi helst í Eyjafirði en 4 gráðu frost þarf til að hægt sé að framleiða snjóinn.

GAMLA MYNDIN



Hvaða starfsmaður Akureyrarbæjar skyldi vera á fermingarmyndinni hér að ofan? Virðið myndina vel fyrir ykkur og sendið okkur svar við spurningunni sem fyrst á netfangið kronikan@akureyri.is merkt „Myndagetraun Innanbæjarkrónikunnar“. Dregið verður úr réttum svörum og fær einn heppinn lesandi tveggja daga skíðakort í Hlíðarfjall en vonir standa til þess að skíðasvæðið verði opnað á allra næstu vikum.

Ágæt viðbrögð voru við myndagetraun síðasta tölublaðs og var nafn Heiðu Karlsdóttur, ritara bæjarstjóra, dregið úr réttum svörum. Hún fékk að launum fjóra miða á sýninguna Sirkus Sóley sem fór fram í Menningarhúsinu Hofi um síðustu helgi. Rétt er að myndin var af Hólmfriði Andersdóttur, bókaverði á Amtsbókasafninu.



EIRÍKUR GERIR VÍÐREIST

Eiríkur Björn Björgvinsson, bæjarstjóri á Akureyri, hefur verið á ferð og flugi að heimsækja stofnanir og deildir bæjarins síðustu vikur. Eiríkur segist með þessu vilja kynna betur þeirri þjónustu sem Akureyrarbær innir af hendi, hitta starfsfólkið og síðast en ekki síst kynna sjálfan sig og sínar áherslur. Starfsfólk virðist kunna vel að meta þessar heimsóknir og verður þeim haldið áfram þar til Eiríkur hefur heimsótt allar stofnanir og deildir bæjarins.



Eiríkur Björn heimsækir Oddeyrarskóla.

KONUR Í HOFI

Mikill fjöldi kvenna gekk út af vinnustöðum á Akureyri mánudaginn 25. október kl. 14.25. Safnast var saman við styttuna af Þórunni hyrnu og Helga magra á Hamarskotsklöppum og stormað þaðan í Menningarhúsið Hof þar sem skemmtileg dagskrá var í boði. Ekki liggur nákvæmlega fyrir hversu margar konur komu í Hof þennan dag en ætla má að þær hafi verið einhvers staðar á bilinu 600-800.



HVAÐ ERTU AÐ GERA?



Bjarney með barnabarni sínu, Tryggva Fannari Ríkarðssyni.

Ný og glæsileg íþróttamiðstöð við Giljaskóla (sem er um leið fimleikahús bæjarins) var vígð 17. október sl. Einn af starfsmönnum þar er Bjarney Birgitta Ríkarðsdóttir. Hún fæddist í Reykjavík en ólst upp í Neskaupsstað frá 9 mánaða aldri. Árið 2001 fluttist hún til Djúpavogs og þaðan til Akureyrar árið 2007 þar sem hún starfaði í KA-heimilinu þar til í sumar að hún var ráðin til íþróttamiðstöðvarinnar við Giljaskóla. Blaðamaður Innanbæjarkrónikunnar hitti Bjarneyju að máli og byrjaði á því að forvitnast um það í hverju starf hennar væri helst fólgið.

„Ég hef umsjón með þeim sem nýta húsið en það er fólk á öllum aldri, skólafólk og fimleikaiðkendur. Fylgjast þarf með því að hér fari allt vel fram og greiða götu gesta eins og kostur er. Húsið er í notkun frá kl. 8.00-22.00 alla virka daga og á laugardögum frá kl. 9.00-16.00. Þar sem mannvirkid er gríðarlega stórt þá eru þríf líka stór partur af vinnunni.“

En hvað er skemmtilegast við starfið og er eitthvað leiðinlegt við það?

„Öll umgengni við börn og ungt fólk er mjög gefandi og heldur manni síungum í anda, þótt oft verði maður þreyttur eftir annasaman dag. Þríf eru ekkert sérstaklega gefandi og mætti því e.t.v. flokka þau til leiðinlegra starfa. Hins vegar er ég ekki vön að tala um að eitthvað sé leiðinlegt, frekar að verkefni séu misskemmtileg.“

Hver telur þú að sé helsti kosturinn við að búa á Akureyri?

„Afspreying er ótrúlega fjölbreytt hérna, útivistaraðstaða afar góð yfir sumarið og frábær á veturna. Það er stutt í flest þau svæði sem maður vill heimsækja. Ég er mikil útivistarkona og nýt mín því fullkomlega sem íbúi í þessum fallega bæ. Hér er bara frábær þjónusta á öllum sviðum.“